

## Stjórnarfundur 12. mars 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Maríanna Gunnarsdóttir, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir, Kristrún Ágústsdóttir, Svaðar Magnússon og Þórir Örn Grétarsson. Berglind Ragnarsdóttir viðstödd 4. lið fundar.

Málefni tekin fyrir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt samhljóða.

### 2. Saga Fáks

Helgi Sigurðsson dýralæknir, mun fljótlega klára bók sína um sögu Fáks. Bókin mun enda á síðasta degi Landsmóts 2018. Hjörtur leggur til að í ritnefnd sem mun sjá um yfirlestur bókar verði Hrefna Karlsdóttir, Hilda Karen og Sigurbjörn Bárðarson (formaður), ásamt honum sjálfum og Helga. Tillagan er samþykkt samhljóða.

### 3. Keppnisjakkar

Hjörtur leggur til að Fákur fái tilboð frá helstu söluaðilum í stóra pöntun af keppnisjökkum og selji jakkana í gegnum félagið með merki Fáks. Tillagan er samþykkt samhljóða.

### 4. Ársreikningur 2017

Berglind Ragnarsdóttir bókari leggur drög að ársreikningi fyrir stjórn. Stjórn gerir nokkrar athugasemdir og leiðréttigar. Berglind gerir ráð fyrir að endanlegur ársreikningur verði klár á næstu 1-2 dögum.

### 5. Aðalfundur

Stefnt er á að halda aðalfund Fáks miðvikudaginn 4. apríl nk. Fundurinn verður auglýstur opinberlega með fyrirvara sbr. lögum félagsins. Jafnframt verður auglýst eftir framboðum í lausar stöður í stjórn Fáks.

### 6. Félagsgjöld

Enn er fjöldi greiðsluseðla fyrir félagsgjöldum ógreiddur, en þar sem þeir voru ekki sendir á pappír þetta árið má ætla að þeir hafi farið framhjá þeim sem ekki nota heimabanka. Stjórn sammælist um að skipta með sér listanum og hringja í þá félagsmenn sem ekki hafa greitt gjöldin.

### 7. Önnur mál

- Stjórn samþykkir að afhenda Berglindi Ragnars lykil að Reiðhöllinni svo hún komist inn til að vinna á skrifstofunni um helgar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

